



Áveitan

1. tbl. 18. árgangur. Janúar 2024

GÖNGUSKÍÐAVERTÍÐIN ER HAFIN

Nú er snjór yfir öllu og tilvalið að stunda heilsueflandi hreyfingu í takt við það. Umf. Þjóttandi stendur fyrir lagningu á gönguskíðabrautum í sveitarfélaginu þar sem aðstæður leyfa. Þegar þetta er skifað eru góðar brautir á túninu á horni Villingaholtsvegar og Hurðarbaksvegar.

Áætlað er að leggja spor síðar í vetur á túnunum kringum Félagslund og eru þessar opnanir auglýstar á Facebooksíðu félagsins um leið og þær gerast. Ef fólk er með hugmyndir að góðum gönguskíðasvæðum í Flóahreppi er um að gera að setja sig í samband við Fanneyju eða Bryndísi Evu, því auðvelt er að færa sleðann á milli staða. Best er að draga sleðann með vélsleða en fjórhjól er líka möguleiki ef ekki er of mikill snjór.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Annáll ársins 2023 frá sveitarstjóra



Kæru sveitungar og lesendur Áveittunnar



Nú er árið liðið og nýtt tekið við. Ég vona að allir hafi átt gleðiríka jólahátíð og óska ég öllum lesendum gæfu og farsældar á nýja árinu og sendi um leið kærar þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Í þessum pistli ætla ég að tæpa á nokkrum af þeim fjölmörgu verkefnum sem hafa verið í gangi í sveitarfélaginu á árinu 2023.

Janúar:

Nokkuð snjópungt var yfir áramótin 2022-2023 og var reyndi janúarmánuður á ýmsa þjónustu á vegum sveitarfélagsins svo sem sorphirðu og skólaakstur. Sveitarstjórn samþykkti nýjar viðmiðunarreglur um snjómokstur sem unnar voru í samráði við Vegagerðina. Reglurnar voru kynntar vel og voru þær til að mynda kynntar á íbúafundi þann 26. janúar. Íbúafundurinn var vel sóttur og gott og gagnlegt samtal fór þar fram.

Ný lög um meðhöndlun úrgangs tóku gildi í upphafi árs á öllu landinu þar sem öllum var gert að flokka í fjóra flokka sem þýðir fjórar tonnur við hvert heimili í Flóahreppi. Þessar lagabreytingar voru kynntar vel fyrir íbúum með fréttum og tilkynningum og voru þær einnig kynntar á ofangreindum íbúafundi í janúar. Sveitarfélagið gerði þá breytingu í upphafi árs að allir fasteignaeigendur þurftu að nálgast inneignarkort til að geta nýtt á gámasvæði sveitarfélagsins í Hrísmýri á Selfossi enda

ekki í takt við nýju lögin að hver og einn geti hent ótakmörkuðu magni úrgangs án þess að greiða fyrir það. Grenndarstöðvar fyrir málma og gler voru opnaðar við Þingborg og Félagslund og eru þær mikið notaðar.

Febrúar:

Ný heimasíða Flóahrepps opnaði 1. febrúar 2023 og hefur verið mikil ánægja með síðuna og upplýsingar á henni. Samhliða nýrri síðu höfum við aukið stórlega notkun rafrænna umsókna, opnað ábendingagátt og margt fleira. Áfram verður unnið að þróun heimasíðunnar og rafræn samskipti aukin enn frekar til að auka skilvirkni og upplýsingagjöf.

Húsnæðisáætlun 2023 var samþykkt þar sem gert var ráð fyrir nýbyggingum og íbúafjölgun á árinu.

Sveitarstjórn skipaði í vinnuhóp um uppbyggingu við Flóaskóla sem tók til starfa í febrúar og fundaði hópurinn reglulega þar til í nóvember þegar lokatillögu var skilað til sveitarstjórnar um framtíðar uppbyggingu á skólasvæðinu á Villingaholti.

Mars:

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfða tók breytingum frá 1. mars þegar Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær gengu úr byggðasamlaginu en Uppsveitir og Flói héldu áfram að vinna saman að öflugri skóla- og velferðarþjónustu á svæðinu. Tveir deildarstjórar voru ráðnir til að stýra þjónustunni eftir breytingar.

Ingibjörg Einarasdóttir tók við þakklætisvotti frá sveitarstjórn Flóahrepps við þau tímamót að hún hefur sinnt húsvörslu í Þingborg í 30 ár.

Apríl:

Staða skólastjóra við Flóaskóla var auglýst eftir að þáverandi skólastjóri ákvað að snúa til annarra starfa og bárust 11 öflugar umsóknir í starfið.

Sveitarfélagið hélt í fyrsta skipti árshátíð fyrir alla starfsmenn, sveitarstjórn, aðalmenn í nefndum og verktaka sem vinna fyrir sveitarfélagið. Árshátíðin fór fram í Félagslundi og tókst mjög vel. Það er mikilvægt að huga vel að starfsfólkinu okkar sem ber uppi starfsemi sveitarfélagsins.

Starfsfólk skrifstofu Flóahrepps fór í heimsóknir í nágrennasveitarfélög í apríl og hittu starfsmenn sem sinna samskonar verkefnum. Mjög gagnlegt að hitta aðra og spegla sig í sambærilegum verkefnum.

Maí:

Byrjun maí einkenndist af óvæntum snjó sem féll rétt fyrir mánaðarmótin apríl-maí. Það var erfitt að horfa upp á farfuglana berjast fyrir tilveru sinni þegar jörðin var alþakin sjó og vorverk bænda töfðust töluvert vegna þessa.

Ársreikningur 2022 var lagður fyrir sveitarstjórn og sýndi ársreikningur jákvæða rekstrarniðurstöðu A og B hluta upp á 11,9 milljónir.

Hreinsunaráttak í maí var á þann hátt að íbúar og atvinnurekendur í sveitarfélaginu gátu farið með úrgang gjaldfrjálst á gámasvæðið dagana 27. maí – 3. júní. Mjög margir nýttu sér þetta og tók til hendinni í kringum húsnæði og á atvinnulóðum.

Íbúar, frístundahúsaeygndur og atvinnurekendur voru hvattir til að gera viðeigendi úrbætur í umgengni á lóðum og lendum í sveitarfélaginu og voru skrifleg tilmæli send út í einhverjum tilfellum. Vel var tekið í tilmælin og sýndu flestir vilja til að bæta umgengni. Þórunn Jónasdóttir var ráðin skólastjóri Flóaskóla úr sterkum hópi umsækjenda og tók við starfinu af Gunnlaugu Hartmannsdóttur á árinu.

Ákveðið var að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og sú ákvörðun tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

Júní:

Fjölskylduhátíðin Fjör í Flóa fór fram 2.-3. júní og tókst vel í alla staði. Viðburðir voru vel sóttir og það sama á við um opnu húsin sem haldin voru víðsvegar um sveitarfélagið. Frábær þátttaka var í gönguferðinni á föstudagskvöldinu þar sem gengið var meðfram bökkum Hvítár ofan Langholts og Hallanda. Á bakvið hátíð sem þessa liggja margar vinnustundir þeirra sem að undirbúningnum koma. Hátíðin er samvinnuverkefni sveitarfélagsins og félagasamtaka í sveitarfélaginu ásamt því að íbúar og atvinnurekendur hafa opnað hús og fyrirtæki fyrir gestum og gangandi.

Kjör á ípróttafólki Flóahrepps var tilkynnt á hátíðinni en það var skólahreystilið Flóaskóla árið 2022 sem hlaut verðlaunin eða þau Auðunn Ingi Davíðsson, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Þórunn Ólafsdóttir.

Hefðbundin hátíðarhöld fóru fram í Einbúa í blíðskaparveðri á 17. júní. Kristín Lilja Sigurjónsdóttir í Egilsstaðakoti var fjallkonan og Halla Kjartansdóttir í Ölvisholti flutti ræðu nýstúdenta. Svæðið í Einbúa skartaði sínu fegursta en svæðið er mjög fallett útvisarsvæði. Að morgni 17. júní keyrði sveitarstjóri út morgunverðarkörfur til allra íbúa sveitarfélagsins sem eru 90 ára og eldri við mikið þakklæti elstu íbúanna okkar.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps voru veitt á 17. júní og voru það ábúendur á Neistastöðun 1 og Hurðarbaksbúið sem hlutu verðlaunin í ár.

Vinnuskólinn tók til starfa í júní og voru 29 unglingar skráðir í vinnu þær vikur sem í boði voru. Árni Geir Hilmarsson og Guðmunda Bríet Steindórsdóttir sáu um flokkstjórn í vinnuskólanum og sinntu þau störfum sínum af miklum myndarskap. Unglingarnir skiluðu góðu verki við fegrun umhverfis í sveitarfélaginu okkar.

Júlí:

Sumarið var einstaklega hlýtt og gott þegar það loksins kom og kannski of þurrt á köflum ef út í það er farið.

Starfsemi skrifstofu Flóahrepps var skert vegna sumarleyfa starfsfólks frá 10. júlí og fram í ágúst.

Menningarstyrkur ársins var veittur og var það Íslenski bærinn í Austur-Meðalholtum sem hlaut styrkinn í ár.

Mikil umræða skapaðist um vegaframkvæmdir á Þjóðvegi 1 í júlí og snérist umræðan um betri undirbúning framkvæmdaaðila vegna hjáleiða í gegnum Flóahrepp og upplýsinga vegna framkvæmdarinnar til sveitarfélagsins og íbúa. Það sést greinilega þegar nota þarf tengivegi í gegnum Flóahrepp sem hjáleiðir frá Þjóðvegi 1 að ástand malarvega í sveitarfélaginu er mjög slæmt og ber engan vegin þá miklu umferð sem kemur frá Þjóðvegi 1. Rykmengun og slyshætta á slæmum vegunum eykst til muna. Ljóst er að samtal við ríkið og Vegagerðina þarf að vera reglulegt og þrýsta þarf á umbætur í vegakerfinu í öllu sveitarfélaginu.

Töluverðar framkvæmdir voru í öllu sveitarfélaginu, bæði hjá sveitarfélaginu sjálfu sem og íbúum þess. Í fasteignum var farið í ýmiskonar viðhaldsverkefi, málun innan- og utanhúss, skipt um glugga, lagfæringar á tréverki og fleira. Fjölmargar nýtengingar við vatnsveituna voru gerðar og ýmis viðhaldsverkefni á vatnsveitunni sjálfri.

Heilsueflandi samfélag í Flóahreppi, ungmennaráð og Flóaskóli stóðu fyrir kennslu í frisbígolfi í mánuðinum til að vígja nýju körfurnar sem Ingvar Guðni og fjölskylda hans á Vatnsenda gáfu samfélaginu okkar. Vonandi nýta sem flestir sér þessa góðu aðstöðu sem við höfum til útivistar og hreyfingar.

Gengið var frá samningi við Egil Guðjónsson ehf. vegna styrkingar á vatnsveitustofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum eftir útboð á verkinu. Framkvæmdin er mikilvæg til að tryggja neysluvatn að svæði þar sem stefnir í mikla uppbyggingu.

Sveitarstjórn samþykkti nýja gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg í júlí. Með nýrri gjaldskrá er verið að jafna leikskólagjöldin þannig að við séum samanburðarhæf við önnur sveitarfélög í kring. Gjöldin lækkuðu við breytingarnar en að baki breytingunum liggja fagleg og rekstrarleg rök.

Ágúst:

Útleiga á félagsheimilunum var nokkur yfir há sumarið og voru það að mestu ættarmót, hópar í gistingu og brúðkaup sem fólk leigði húsnið undir.

Vegagerðin fór af stað í styrkingu og mölburð á hluta af vegum innan Flóahrepps og bætti það töluvert ástand þeirra vegkafla en áfram er þörf á styrkingu og mölburði á fleiri vegum í sveitarfélaginu til að ástand vega sé ásættanlegt.

Sveitarstjórn sendi bókun um samgöngumál og umferðaröryggi á þingmenn Suðurkjördæmis, innviðaráðherra, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra og á Vegagerðina og í kjölfarið komu nokkrir þingmenn í heimsókn til sveitarstjóra og fóru yfir samgöngumálin og fleiri mál er varðar sveitarfélagið.

Sveitarstjórn bókaði einnig um raforkuöryggi á svæðinu og kallaði sveitarstjóri eftir upplýsingum frá Rarik um gildandi langtímaáætlun og þær framkvæmdir sem farið hefur verið í undanfarin ár og þær framkvæmdir í kerfinu sem eru fyrirhugaðar.

Gengið var frá samningi við Ísorku um uppsetningu á hleðslustöðvum við Þjórsárver sem fjármagnaðar eru að hluta með styrk frá Orkusjóði.

Skólabílstjórar skrifuðu undir nýja samninga vegna skólaaksturs og akstursleiðir voru endurskoðaðar með það að leiðarljósi að stytta tíma skólabarna í bílum eins og kostur er.

September:

Bygðapróunarfulltrúi fyrir neðri hluta Árnessýslu var ráðinn til starfa

sem nýtist okkur á ýmsan hátt sem stuðningur við þróun byggðar á okkar svæði.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar fór af stað og staða yfirstandandi árs greind og áherslur fyrir komandi ár lagðar fram.

Samþykkt var að taka þátt í sameiginlegum rannsóknarborunum vegna kaldvatnsöflunar í Grímsnes- og Grafningshreppi og er með því verið að hugsa um vatnsöflun til framtíðar fyrir svæðið.

Vegagerðin sendi sveitarfélaginu formlegt svar vegna bókunar um samgöngumál þar sem fram kom meðal annars að stefnt væri að því að uppfæra þjóðvegakerfið með aðalbrautir í huga nú í vetur. Það er von okkar að Villingaholtsvegur og Gaulverjabæjarvegur verði teknir til skoðunar hvað það varðar til að auka umferðaröryggi á þeim vegum. Sveitarstjóri óskaði í kjölfarið eftir því að fá að fara í eftirlitsferð með starfsmönnum Vegagerðarinnar til að skoða og ræða aðstæður víðsvegar um sveitarfélagið.

Viðhaldsverkefni í fasteignum héldu áfram og var t.d farið í endurnýjun á úti- og inniljósum þar sem gömlum og orkufrekum ljósum var skipt út fyrir ledljós. Varmadæla var sett upp í húsnæði frístundar við Flóaskóla, stólageymsla í Félagslundi lagfærð og magrt fleira.

Lögð var vinna í að uppfæra áfangastaðaáætlun innan Flóahrepps í samráði við landeigendur en uppfærslunni var stýrt af Markaðsstofu Suðurlands sem Flóahreppur er aðili að. Margir áhugaverða áfangastaði er að finna í Flóahreppi bæði fyrir innlenda og erlenda gesti en mikilvægt er að sveitarfélög og landeigendur hugi að uppbyggingu slíkra áfangastaða t.d með bættu aðgengi og merkingum til að auka öryggi ferðamanna og styðja við náttúruvernd á svæðum sem eru fjölsótt. Samhliða nýrri áfangastaðaáætlun sótti sveitarstjóri um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna fornu þjóðleiðarinnar Ásavegarins og var sú umsókn gerð í samráði við

landeigendur við Ásaveginn. Ekki hefur enn verið úthlutað úr sjóðnum en vonir eru bundnar við að styrkur fái til uppbyggingar.

Sala á lóðum í nýju íbúðarsvæði í Huldu- og Maríuhólum fór af stað ásamt sölu á lóðum við Þjórsár- og Fossabraut sem er svæði rétt austan við Þjórsárbrú. Það verður spennandi að fylgjast með uppbyggingu á þessum svæðum í Flóahreppi sem eru í eigu einkaaðila.

Ábendingagátt var opnuð á heimasíðu Flóahrepps þar sem hægt er að senda inn ábendingar eða athugasemdir og hafa íbúar notað gáttina til þess að koma til skila ýmskonar uppbyggilegum ábendingum um sveitarfélagið okkar.

Ungmennafélagið Þjótandi og íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd stóðu fyrir Kornskurðarballi í lok september. Því miður var aðsókn lítil en þeir sem mættu skemmtu sér konunglega.

Október:

Sveitarstjórn samþykkti uppfærðar reglur um hvatagreiðslur í Flóahreppi þar sem ýmsar viðbætur voru gerðar við reglurnar.

Ákveðið var að hefja vinnu við gerð nýs deiliskipulags sem nær yfir allt iðnaðar- og athafnasvæðið í Heiðargerði þ.e. núverandi svæði og það svæði sem er í eigu sveitarfélagsins norðan við svæðið.

Þingmenn Suðurkjördæmis hittu sveitarstjórnir á svæðinu í kjördæmaviku. Þar fór sveitarstjóri yfir nokkur mál sem snúa að Flóahreppi og ber þar helst að nefna samgöngumál og vetrarþjónustu, raforkumál, skattlagningu orkumannvirkja og ávinning nærsamfélagsins af orkuvinnslu, jöfnun rafmagnskostnaðar í dreifbýli ásamt ýmsum öðrum mikilvægum málefnum.

Flóahreppur fór í gegnum jafnlaunaúttekt og fékk í kjölfarið samþykkt endurnýjun á jafnlaunavottun.

Haldið var upp á kvennafrídaginn um allt land og tóku okkar konur þátt í deginum á ýmsan hátt.

Vinnuhópur vegna uppbyggingar við Flóaskóla skilaði lokatillögu sem sveitarstjórn tók svo fyrir í fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs og næstu þriggja ára þar á eftir.

Nóvember:

Sveitarstjórn ákvað að fara í ákveðnar breytingar á núverandi húsnæði Flóaskóla á næsta ári og samþykkti samhliða að fara í undirbúning að viðbyggingu við skólann.

Miklar náttúruhamfarir áttu sér stað í Grindavík og skoðaði sveitarfélagið getu sína til að bjóða fólki frá Grindavík nauðsynlega þjónustu. Íbúar tóku fljótt við sig og buðu fram ýmsa aðstoð.

Samstarfssamningur við Markaðsstofu Suðurlands var endurnýjaður og sveitarstjórn sendi erindi á Sveitarfélagið Árborg vegna samtals um möguleikann á samvinnu við mótun framtíðarskipulags á svæðinu við nýtt brúarstæði Ölfusárbrúar og Hringveg, austan Ölfusár.

Desember:

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og næstu þrjú ár þar á eftir. Reynt var að halda aftur af gjaldskrárhækkunum eins og kostur var og rýnt vel í alla málaflokka við undirbúning fjárhagsáætlunar. Ítarleg greinargerð fylgir fjárhagsáætlun ársins þar sem fram koma þær breytingar sem gerðar voru og farið er yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins. Greinargerðina má finna á heimasíðu Flóahrepps.

Menningarnefnd í samstarfi við Berglindi Björk Guðnadóttur héldu glæsilega aðventuhátíð í byrjun mánaðarins. Boðið var upp á forsölu en húsfyllir var á þessari glæsilegu hátíð. Fjölbreytt atriði voru flutt við mikinn fögnuð viðstaddra. Styrkur fékkst til verkefnisins í ár frá Uppbyggingasjóði Suðurlands og vonandi er þessi viðburður kominn til að vera.

Verkefnastjórn vegna sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir Flóahrepp, Árborg og Hveragerðisbæ tók til starfa og fundaði í mánuðinum.

Það er ljóst að ýmislegt hefur áunnist á árinu 2023 og mörg spennandi verkefni eru framundan á árinu 2024. Það er dýrmætt að vera hluti af þessu góða og öfluga samfélagi hér í Flóahreppi þar sem ljóst er að allir vilja leggja sitt af mörkum við að skapa góð lífsgæði og búsetuskilyrði.

*Með nýárs kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Samverukvöld Kvenfélags Villingaholtshrepps

Þar sem við náðum ekki að halda jólafund í desember eins og hefð er fyrir, ætlum við þess í stað að vera með samverukvöld fimmtudaginn 11. janúar n.k. kl 20:00.

Hafdís Örvar ætlar að bjóða heim á nýja heimilið sitt í Rimum 15 og ætlum við að eiga þar skemmtilega stund saman.

Þetta verður Pálínuboð þannig endilega komið með eitthvað á sameiginlegt veitingaborð.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Stjórninn

Frá Umf Þjótanda



Þakkir vegna skötuveislu

Skötuveisla Þjótanda sem var í Þingborg á Þorláksmessu gekk mjög vel. Um 160 gestir mættu á staðinn og gæddu sér á skötu sem þótti bragðast vel. Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna en sérstakar þakkir viljum við færa til þeirra sem styrktu samkomuna með hráefnisgjöfum og það eru:

Mareike og Sturla á Fljótshólum sem gáfu rófur.
Anna og Kristján í Forsæti 4 sem gáfu kartöflur.
Kristín og Ólafur á Hurðarbaki sem gáfu hamsatólg.
Jón Valgeir og Hallfríður í Lyngholti sem gáfu saltfisk.

Að auki voru nokkrir harðduglegir krakkar og unglingar sem mættu á staðinn og unnu við veisluna og sendum við þeim öllum kærar þakkir líka.

Það er ómetanlegt fyrir félagið að eiga góða velunnara og forsenda þess að félagið geti haldið úti fjölbreyttri starfsemi yfir allt árið sem kostar lítið sem ekkert fyrir þátttakendur. Takk öll!

Aðalfundur Þjótanda

Aðalfundur Þjótanda verður haldinn í byrjun febrúar og verður auglýstur síðar. Fólk sem hefur áhuga á að koma inn í stjórn eða nefndir er beðið að setja sig sem fyrst í samband við okkur í stjórninni.

HSK mót í lok janúar

28. janúar verða tvö HSK mót í frjálsum haldin á Selfossi. Það eru annars vegar Aldursflokkamótið fyrir 11-14 ára og Unglingamótið fyrir 15-22 ára.

Mótin verða auglýst betur þegar nær dregur, en við vonumst til að Þjótandi sendi öfluga keppendur á staðinn.

Þorrablot Flóamanna 2024

Þá fer að stytast í fjörið!

Þorrablot Flóamanna verður haldið þann 3. febrúar í Þingborg.

Húsið opnar kl. 19:00 og mun borðhald hefjast kl. 20:00.

Veisluþjónusta Suðurlands mun sjá um veitingar fyrir

mannskapinn, Gísli Einarsson verður veislustjóri og svo mun

hljómsveitin Allt í einu sjá um að halda fjörinu uppi fram á nótt.

Happdrættisvinningar verða dregnir út úr seldum miðum og því mikilvægt að halda fast í sinn miða.

Miðasala fyrir þorrablotið mun hefjast þann 10. janúar og standa fram til 21. janúar. Aðeins verða seldir 290 miðar inn á þorrablotið og því um að gera að næla sér í miða sem fyrst.

Miðaverð er 12.500 kr.

Miðapantanir eru í síma 616-6150 (Mareike), 771-2992 (Lilja),

869-7625 (Kristinn), 867-8929 (Anna Þórný), eða á netfangið

floablot@gmail.com

Hægt verður að nálgast miðana í Þingborg miðvikudaginn 24.

janúar kl. 20:00 – 22:00 og fimmtudaginn 25. janúar kl. 20:00 –

22:00. Nánari upplýsingar má fá hjá fyrr upptöldum aðilum.

Fyrir þá sem ætla sér aðeins að mæta

á ballið, þá verða seldir inn sér miðar

á það við hurð á 4.000 kr. stykkið.

Hlökkum til að eiga góða stund með

ykkur.

Kveðja, Nefndin.



Fréttir úr Flóaskóla

Nýliðin aðventa var gefandi tími í skólanum þar sem lögð var áhersla á gleði, samvinnu og að sinna ýmsum hefðum sem byggst hafa upp í skólanum í aðdraganda jóla.



Nemendur og kennarar komu saman í stiganum góða og sungu nokkur jólalög

Einnig var farin kyndlagnga í kringum skólalóðina. Á eftir fengu allir heitt kakó og smákökur.



Nemendur í 1.– 6. bekk fóru í vasaljósiferð í skógræktina við Kolsholt.

Starfið í skólanum á nýju ári hefst með viðamiklu þemaverkefni sem við nefnum Óskaveröldin mín, þar sem byggt er á hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar*. Verkefninu er ætlað að gera nemendur meðvitaðri um eigin langanir og væntingar og hvað það er sem skiptir okkur máli og gerir okkur hamingjusöm.



Um áramót er við hæfi að líta yfir farinn veg og horfa síðan til framtíðar. Haustönnin í Flóaskóla var afar viðburðarrík, mörg ólík og misstór viðfangsefni sem nemendur tókust á við undir handleiðslu starfsmanna. Má þar nefna heimsmarkmiðapema, heimsókn samstarfsskóla frá Danmörku, leiksýningu elsta stigs og jólasýningu 1.-6. bekkja, smíði langspila og leikur á þau, skólaping, dans og íþróttaviðburði auk hefðbundnara náms.

Það sem einkenndi starfið á haustönn var samkennd, gleði og virðing sem eru sannarlega gildi sem við getum verið stolt af að skíni í gegn í öllu okkar starfi. Við horfum því til komandi árs með tilhlökkun.


Megi árið 2024 vera okkur öllum til gæfu og gleði

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Nýjárskveðja

Stjórn Umf. Þjótanda sendir félagsmönnum og öðrum velunnurum bestu nýjárskveðjur með þökk fyrir árið sem nú er liðið. Stjórnin þakkar af alhug stuðninginn á árinu og sérstaklega öllum þeim sem tóku þátt í starfsemi félagsins með einhverjum hætti. Megi nýja árið verða fullt af tækifærum og viðburðum sem verða til skemmtunar, heilsuefingar og félagslegrar framþróunar.

Stjórn Umf. Þjótanda



Dagskrá mánaðarins:

Æfingar í Þingborg	9. janúar
Fundur sveitastjórnar	9. janúar
Samverukvöld Kvenfélags Vill.	11. janúar
Æfingar í Þingborg	16. janúar
Æfingar í Þingborg	23. janúar
Aldursflokka- og Unglingamót HSK	28. janúar
Æfingar í Þingborg	30. janúar
Þorablót Flóamanna	3. febrúar